
TRÚARBRÖGÐ MANNKYNS



Sigurður Ingi Ásgeirsson

KRISTIN TRÚ

– FAGNAÐARERINDIÐ

Kennaraefni

Kennaraefni með kennslubókinni
Kristin trú – Fagnaðarerindið

© 2008 Sigurður Ingi Ásgeirsson
Yfirlstur og ráðgjöf: Sr. Sigurður Pálsson
Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin
1. útgáfa
NÁMSGAGNASTOFNUN
Reykjavík

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

Vefefni

Efnisyfirlit

Til kennarans	4
1 BIBLÍAN	6
2 UPPVAXTARÁR JESÚ	9
3 KÖLLUN JESÚ.....	11
4 BOÐSKAPURINN.....	14
5 DAUÐI JESÚ OG UPPRISA.....	19
6 ÚTBREIÐSLA TRÚARINNAR	26
7 KRISTNI Á ÍSLANDI	29
8 KIRKJUSTARFIÐ.....	31
9 KRISTNIR HELGIDAGAR	34
10 UPPRIFJUN	34
Próf.....	39
Heimildir fyrir nemendur	42
Heimildir fyrir kennarann	43

Til kennarans

Þessum leiðbeiningum er ætlað að aðstoða þig við að kenna námsefnið Kristin trú – Fagnaðarerindið. Nemendabókin er hluti af ritröð um trúarbrögð mannkyns fyrir miðstig grunnskóla. Þar er að finna stutta kynningu á kristinni trú er samin var fyrir börn sem hafa litla sem enga þekkingu á þeim trúarbrögðum.

Samhliða bókinni hefur verið gefið út myndband um kristnina. Til samans getur þetta efni komið að notum fyrir börn sem hafa þegar fengið nokkra fræðslu um trúna. Ég vil endregið hvetja kennara til að nota myndina í tengslum við yfirferð bókarinnar. Það er ýmislegt sem hægt er að sýna í mynd á áhrifaríkan hátt en síður á bók. Sömuleiðis er hentugra að fjalla um suma hluti á prenti en í mynd. Myndin og bókin styðja þannig hvort annað og mynda eina heild.

Um trúarbragðafræðina

Flestir eru sammála um gildi kennslu í trúarbragðafræðum. Helstu kostir eru þeir að hún getur aukið vísýni nemenda og skilning þeirra og virðingu fyrir menningu annarra. Slík þekking er góð vörn gegn fordómum sem skjóta rótum í andrúmslofti vanþekkingar og þröngsýni.

Fátt mótar menningu hvers lands meira en ríkjandi trúarbrögð. Nú þegar fólk frá öðrum löndum og menningarsvæðum flyst hingað til lands í auknum mæli er almenn fræðsla um helstu trúarbrögð mannkyns orðin nauðsynleg. Ef rétt er á haldið getur þessi fræðsla komið í veg fyrir einangrun fólks.

Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir því að hans hlutverk er ekki að stunda trúboð, heldur að fræða. Hann ætti því að forðast að tala um „okkur“ og „hina“ þegar hann ræðir um fylgjendur ólíkra trúarbragða, minnugur þess að það eru ekki allir Íslendingar kristinnar trúar. Það er einnig óviðeigandi að tala um „framandi trúarbrögð“ þegar rætt er um önnur trúarbrögð en kristni. Sömuleiðis að tala um kristna trú sem vestræn trúarbrögð og önnur trúarbrögð sem austræn. Vissulega hefur kristin trú náð mikilli útbreiðslu á Vesturlöndum en við megum ekki gleyma því að hún hófst í Austurlöndum nær.

Trú er oftast mikið tilfinningamál fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Hið sama gildir um helgisiði og þá menningu sem trúin hefur getið af sér. Kennarinn þarf því að sýna nemendum allra trúarbragða fyllstu nærgætni þegar hann fjallar um trú þeirra. Svo má ekki gleyma því að hluti landsmanna er trúlaus og jafnvel andsnúinn öllum trúarbrögðum. Ég tel þó að fæstir trúleysingjar hafi neitt á móti því að börn þeirra fræðist um trúarbrögð mannkyns, svo framarlega sem það er gert á hlutlægan hátt.

Upprifjun og aðalatriði

Í upphafi hvers kafla þessa kennaraefnis er þess getið á hvaða blaðsíðum hann er í kennslubókinni. Næst koma spurningar til að rifja upp efni kaflans á undan. Síðan eru helstu atriði næsta kafla kynnt.

Við suma kaflana í þessu kennaraefni er bætt við fróðleik sem er ekki í námsbókinni. Einnig er bent á hentugt ítarefni.

Til umhugsunar

Að mínu mati er mikilvægasti hluti námsefnisins sá að nemendur kynnist ekki aðeins staðreyndum um kristna trú, heldur hafi námsefnið siðbætandi áhrif á þá. Hér er ekki átt við að innræta eigi nemendum ákveðna trú. Hins vegar neita því fáir að siðaboðskapur kristninnar hefur haft víðtæk áhrif í þjóðfélaginu og hefur enn.

Flestir geta tekið undir að það sé ákaflega mikilvægt fyrir börn og fullorðna að kynnst siðaboðskap Krists og annarra trúarbragðahöfunda, hvort heldur viðkomandi er trúaður eða ekki. Boðskapur Krists um fyrirgefningu og kærleika, svo dæmi sé tekið, getur haft mjög heillavænleg áhrif á nemendur. Undir liðnum „til umhugsunar“ er bryddað upp á ýmsum vangaveltum út frá siðaboðskap trúarinnar og eitthvert siðrænt málefni tekið til umræðu í hverri kennslustund. Þennan lið mætti einnig nýta í lífsleikni.

Kennarinn getur notað textann sem kemur á undan spurningunum eins og hann kemur fyrir því hann er saminn með nemendur í huga eða útbúið sinn eigin inngang.

Verkefni

Nokkur tilbúin verkefni fylgja þessu kennaraefni. Auk þess er vísað á íslenskar vefsíður þar sem hægt er að víða að sér kennsluhugmyndum. Verkefnin gefa tilefni til samþættingar með öðrum námsgreinum svo sem myndmennt og upplýsingatækni. Í kennaraefninu eru skrár yfir heimildir, bæði fyrir nemendur og kennarann.

Námsmat

Aftast í kennaraefninu er próf sem leggja má fyrir nemendur í lok námsins. Það mælir fyrst og fremst hvort nemendur hafi öðlast þekkingu á helstu staðreyndum og skilning á boðskap trúarinnar. Prófið mælir ekki aukinn félagslegan þroska nemenda sem er eitt mikilvægasta markmið námsins. Lagt er til að kennarinn skrifi hjá sér stuttar athugasemdir þegar hann sér einhverja breytingu hjá barninu annað hvort í jákvæða eða neikvæða átt og komi þeim upplýsingum á framfæri við foreldra barnsins. Gott samstarf við foreldrana er afar heilladrjúgt ekki síst í þessu mikilvæga námi.

Gangi þér vel!

Sigurður Ingi Ásgeirsson

1 BIBLÍAN

Bls. 5–6

Aðalatriði kaflans

- Biblían
- Gamla testamentið
- Nýja testamentið
- Guðspjöllin

Aðfari

Í upphafi er ágætt að kanna hvað nemendur vita um kristna trú og kristið fólk. Hefja mætti umræðuna með því að skrifa orðin kristin trú á töfluna og spyrja síðan:

- Hvað dettur ykkur í hug þegar ég nefni orðin kristin trú?
- Hvað vitið þið um Jesú Krist?
- Hvað vitið þið um Biblíuna?
- Vitið þið hvað Nýja testamentið fjallar um?
- Hvað vitið þið um kristið fólk, fylgjendur trúarinnar?
- Þekkið þið einhvern sem er kristinn?
- Vitið þið hvað felst í því að vera kristinn?

Sýndu nemendum íslenska Biblíu, eina eða fleiri. Ef þú getur sýnt þeim mismunandi útgáfur, t.d. á ýmsum tungumálum eða gamlar og fallega myndskreyttar útgáfur, þeim mun betra. Ræddu við nemendur um mikilvægi þess að handleika bókina af virðingu þar sem hún er helgirit svo margra. Á Netinu er að finna margar myndir af biblíum.

Til umhugsunar

Máttur kærleikans. (Sjá bls. 8) Varpaðu textanum upp á vegg eða ljósritaðu blaðið handa hverjum nemanda. Lestu fyrir þá texta Ritningarinnar eða fáðu einhverjum nemanda það hlutverk. Leggðu síðan þessar spurningar fyrir nemendur:

- Hvað er Páll að kenna okkur með þessum texta? (Að kærleikurinn sé æðri öllu)
- Eruð þið sammála Páli?
- Hvað segir hann að hann væri ef hann hefði ekki kærleika?
- Hvað á hann við þegar hann segir að hann væri „hljómandi málmur og hvellandi bjalla“ ef hann hefði ekki kærleika? (Yfirborðskenndur, þá væri hann aðeins að sýnast, hann væri að tala fallega en lifði ekki samkvæmt því, væri hræsnari)
- Hvað getur komið fyrir þá sem eru fróðir en skortir kærleika? (Þeir geta orðið hrokafullir og harðbrjósta)
- Hvernig er kærleikurinn samkvæmt orðum Páls?

- Hver er þá andstæða kærleikans? Að vera langrækinn, illviljaður, öfundsjúkur o.s.frv.
- Ef einhver gerir þér eitthvað, t.d. svíkur þig eða prettar, hvernig ættir þú að bregðast við því samkvæmt orðum Páls? (Ekki vera langrækinn, ekki reiðast, umbera galla annarra)
- Teljið þið það skynsamlegt að umbera það sem aðrir gera manni?
- Á hefningirni einhvern tíma rétt á sér? (Kristin trú boðar að maður eigi aldrei að hefna sín heldur fyrirgefa. Þetta getur stundum verið mjög erfitt)
- Af hverju er öfundσύki andstæða kærleikans?
- Ef maður gerir eitthvað gott fyrir aðra, á maður þá að stæra sig af því eða ekki, samkvæmt orðum Páls?

Verkefni

Spuni: Nemendur spinna stutta leikþætti um annars vegar einhvern sem er kærleiksríkur og hins vegar um einhvern sem er það ekki.

Nemendur skrifa textann um kærleikann úr fyrra bréfi Páls til Korintumanna í stílabók og myndskreyta.

Kærleiksstjörnur á aðventu. Á vefnum www.kennslaogtru.is er ágætt verkefni um kærleikann. Þetta er slóðin innan vefjarins: Kristin trú – kennsluhugmyndir – jólin – kærleiksstjörnur á aðventu. Þetta verkefni má líka vinna á öðrum tímum en aðventunni.

Nemendur nota biblíuleitarvélar á vefnum til að finna orð Páls um kærleikann (*Úr fyrra bréfi Páls til Korintumanna, 13:1–8*). Þeir geta t.d. notað þennan vef: <http://www.snerpa.is/net/biblia/biblia.htm>

Máttur kærleikans

Maður að nafni Páll, oft kallaður Páll postuli, var fremsti trúboðinn á fyrstu dögum kristinnar. Hann ferðaðist víða um Rómaveldi, sem var mikið heimsveldi á þeim tíma, og fræddi fólk um trúna. Hann var oft fangelsaður fyrir þetta og talið er að hann hafi að lokum látið líf sitt fyrir trúna á Jesú, orðið píslarvottur. Á ferðum sínum skrifaði hann mörg bréf til fyrstu kristnu safnaðanna. Þessi bréf er að finna í Nýja testamentinu. Eitt þeirra heitir „Fyrra bréf Páls til Korintumanna.“ Í 13. kafla bréfsins er þekktur kafli þar sem Páll ræðir um kærleikann. Orðið kærleikur þýðir ást.

Úr fyrra bréfi Páls til Korintumanna, 13:1–8

- 1 Þótt ég talaði tungum manna og engla,
en hefði ekki kærleika,
væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla.
- 2 Og þótt ég hefði spádómsgáfu
og vissi alla leyndardóma
og ætti alla þekking,
og þótt ég hefði svo takmarkalaus trú,
að færa mætti fjöll úr stað,
en hefði ekki kærleika,
væri ég ekki neitt.
- 3 Og þótt ég deildi út öllum eigum mínum,
og þótt ég framseldi líkama minn,
til þess að verða brenndur,
en hefði ekki kærleika,
væri ég engu bættari.
- 4 Kærleikurinn er langlyndur,
hann er góðviljaður.
Kærleikurinn öfundar ekki.
Kærleikurinn er ekki raupsamur,
hreykir sér ekki upp.
- 5 Hann hegðar sér ekki ósæmilega,
leitar ekki síns eigin,
hann reiðist ekki,
er ekki langrækinn.
- 6 Hann gleðst ekki yfir óréttvísinni,
en samgleðst sannleikanum.
- 7 Hann breiðir yfir allt,
trúir öllu, vonar allt, umber allt.
- 8 Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.

2 UPPVAXTARÁR JESÚ

Bls. 7–9

Upprifjun úr 1. kafla

1. Hvað heitir helgirit kristinna manna? (Biblían)
2. Í hvaða tvo hluta skiptist Biblían (Gamla- og Nýja testamentið).
3. Hvaða heita ritin sem fjalla um ævi og störf Jesú? (Guðspjöllin. Matteusar-, Markúsar-, Lúkasar- og Jóhannesarguðspjall)
4. Hvaða önnur rit eru í Nýja testamentinu? (Postulasagan, ýmis bréf til fyrstu safnaðanna og Opinberunarbókin)

Aðalatriði 2. kafla

- Rómverska heimsveldið
- Gyðingdómur
- Messías
- Fæðing Jesú
- Símeon og Anna
- Flóttinn til Egyptalands
- Jesús 12 ára

Til umhugsunar

Kristnir menn trúa því að Jesús hafi verið sá frelsari sem helgirit gyðinga boðuðu að mundi koma. Gyðingar viðurkenna þetta ekki því þeir trúðu því að Messías mundi hjálpa þeim og frelsa þá undan oki Rómverja sem hersátu land þeirra.

Við höfum flest séð myndir um ofurhetjur sem bjarga heiminum eins og Superman eða Leðurblökumanninn.

- Dáið þið einhverjar sérstakar ofurhetjur? Hvers vegna?

Íslensku ævintýrin fjalla oft um fátæka bóndasyni sem fara út í heiminn til að frelsa prinsessu sem er í álögum eða í haldi hjá tröllum. Yfirleitt tekst honum að sigrast á öllum erfiðleikum og eignast prinsessuna í lokin og hálf konungsríkið.

- Þekkið þið einhvern eða einhverja sem hafa unnið mikil hetjuverk, t.d. að bjarga einhverjum úr mannháska?
- Þekkið þið einhverjar hvunndagshetjur? Venjulegt fólk sem er hetjur í ykkar augum?
- Af hverju dáist þið að þessu fólki?

- Hvað eru hetjur í ykkar augum?
- Hafið þið einhvern tíma unnið hetjudáð?
- Hafið þið einhvern tíma hjálpað öðrum eða þekkið þið einhverja sem hafa hjálpað öðrum á aðáunarverðan hátt?
- Hvað getum við gert til að hjálpa öðrum?
- Hvernig getum við hjálpað hvert öðru í skólanum?

Jesús fæddist í jötu í fjárhúsi og var fátækur alla sína ævi.

- Hvað getum við gert til að hjálpa fátæku fólki eða fólki sem á bág?

Hann var líka flóttamaður því foreldrar hans þurftu að flýja undan reiði Heródesar konungs.

- Þekkið þið einhverja flóttamenn?
- Hvers vegna verður fólk landflótta?
- Getum við eitthvað gert til að hjálpa þeim sem hafa orðið að flýja land sitt?

Verkefni

Börnin finna Ísrael í landakortabók. Athuga hvaða lönd og hvaða haf liggur að landinu. Staðsetja höfuðborg landsins, Jerúsalem, Tel Aviv, stærstu borgina og Betlehem, fæðingurborg Krists. (Í kennslubókinni er kort af Palestínu á dögum Jesú)

Börnin safna myndum eða frásögnum um kristna trú, t.d. úr dagblöðum og tímaritum, annað hvort með því að klippa myndirnar úr blöðunum eða teikna eftir þeim. Hvert barn segir bekknum frá sinni mynd og síðan eru myndirnar límdar á stórt veggspjald sem hengt er upp í kennslustofunni.

3 KÖLLUN JESÚ

Bls. 10–13

Upprifjun úr 2. kafla

1. Hvað hét heimsveldið sem ríkti yfir Júdeu á dögum Jesú? (Rómverska heimsveldið)
2. Hvaða trú höfðu íbúar Júdeu? (Gyðingdóm, þeir voru gyðingar)
3. Hvað hét höfuðborg Júdeu? (Jerúsalem)
4. Hvað var hinn fyrirheitni frelsari gyðinga kallaður á hebresku? (Messías)
5. Hvað þýðir orðið Messías? (hinn smurði)
6. Hver er gríska þýðing orðins Messías? (Kristur)
7. Hver telja kristnir menn að hafi uppfyllt spádómana um Messías? (Jesús Kristur)
8. Hvers vegna vilja gyðingar ekki viðurkenna Jesú sem Messías? (Þeir telja að hann hafi ekki uppfyllt spádómana. Þeir búast við jarðneskum konungi sem muni setjast í hásæti Davíðs)
9. Hverju svara kristnir menn andmælum gyðinga um að Kristur geti ekki verið Messías? (Hann hafi uppfyllt spádómana. Hann hafi verið andlegur konungur)
10. Hvað tjáði engillinn Maríu sem birtist henni þegar hún var ólétt? (Að barnið væri getið af heilögum anda)
11. Í hvaða borg fæddist Jesús? (Betlehem)
12. Hverjir færðu honum gull, reykelsi og myrru að gjöf? (Vitringarnir frá Austurlöndum)
13. Hvernig fundu þeir Jesúbarnið? (Stjarna leiddi þá að fjárhúsinu)
14. Hvað segja guðspjöllin að komið hafi fyrir fjárhirðana sem gættu kinda sinna úti í haga? (Englar birtust þeim og sögðu þeim að frelsari heimsins væri fæddur)
15. Hvert fóru foreldrar Jesú með hann til að láta helga hann? (Í musterið í Jerúsalem)
16. Hvað sögðu Símeon og Anna um Jesúbarnið? (Að hann væri sá sem mundi frelsa þjóðina)
17. Hvers vegna fóru foreldrar Jesú með hann til Egyptalands þegar hann var þínulítill? (Heródes konungur vildi láta drepa hann)
18. Að hvaða leyti var Jesús óvenjulegt barn? (Hann var gæddur mikilli visku)
19. Geturðu nefnt dæmi um hve vitur hann var? (Þegar hann rökræddi fyrst við fræðimennina í musterinu í Jerúsalem, aðeins 12 ára, undruðust allir visku hans og skilning á helgiritunum)

Aðalatriði 3. kafla

- Jóhannes skírari
- Skírn Jesú
- Jesús í eyðimörkinni
- Hrakinn frá Nasaret
- Jesús talar í sýnagógunni í Nasaret
- Fyrstu lærisveinarnir
- Kraftaverk Jesú

Til umhugsunar

Í Nýja testamentinu er sagt frá því að eftir skírnina í ánni Jórdan hafi Jesús haldið út í eyðimörk til að undirbúa sig fyrir köllun sína. Eftir að hann hafði fastað í 40 sólarhringa er sagt að Satan að hafa freistað hans á ýmsan hátt, til að fá hann til að hætta við ætunarverk sitt.

Öll höfum við orðið fyrir einhverjum freistingum í lífinu. Freistingar felast í því að okkur langar til að gera eitthvað sem er siðferðilega rangt, eins og t.d. stela eða ljúga til að fá eitthvað sem okkur langar í.

- Getið þið nefnt dæmi um freistingar sem krakkar gætu orðið fyrir?
- Hefur ykkur einhvern tíma langað til að gera eitthvað sem þið vitið að er rangt? (Nóg er að fá þau til að játa að þau hafi orðið fyrir freistingum. Ekki ætti að fá nemandur til að leysa frá skjóðunni, nema þeim hafi tekist að standast freistinguna)
- Geta góðir vinir freistað manns?

Það þarf oft mikið hugrekki til að gera það sem rétt er og forðast það sem er rangt, sérstaklega ef hópur vina hvetur mann til að gera eitthvað af sér.

- Hvað mundið þið gera ef bestu vinir ykkar hvettu ykkur til að gera eitthvað sem þið vitið innst inni að er slæmt?
- Gunnar finnur veski með fullt af peningum í ásamt ýmsum skilríkjum. Þetta er á fáförnum vegi og enginn sér til hans. Hvað á Gunnar að gera?
- Margréti langar til að vera vinsæl í bekknum. Vinkonur hennar hvetja hana til að senda stelpu sem þeim er illa við niðrandi SMS skilaboð. Hvað á Margrét að gera?
- Stefán langar til að hefna sín á strák sem stríðir honum í skólanum. Hann hugleiðir að gera grín að hrekkjusvíninu á bloggsíðu sem hann veit að mörg skólasystkini hans lesa. Enginn þarf að komast að því að hann hafi gert þetta ef hann skrifar ekki undir nafni eða það heldur hann að minnsta kosti. Á hann að gera það?
- Mamma Sigrúnar biður hana um að passa litlu systur sína í nokkra klukkutíma. En þegar hún var farin hringja nokkrar vinkonur Sigrúnar og spurja hvort hún geti komið í fótbolta úti á velli. Hana langar ofsalega til þess en hvernig á hún að komast? Hún getur ekki tekið systur sína með sér en kannski getur hún beðið vin sinn hann Snorra í næstu íbúð að passa barnið fyrir sig. Á hún að gera það?

Verkefni

Fyrstu lærisveinarnir. Á vefnum www.kennslaogtru.is er að finna ágæt – „fiskaföndur“ um fyrstu lærisveinana. Slóðin innan síðunnar er Kristin trú – kennsluhugmyndir – jól – Fyrstu lærisveinarnir. Verkefnið byggir á orðum Jesú úr 1. kafla Markúsarguðspjalls, vers 16–18.

4 BOÐSKAPURINN

Bls. 14–18

Upprifjun úr 3. kafla

1. Hvers vegna hlaut Jóhannes viðurnefnið skírari? (Hann skírði fólk í ánni Jórdan til að undirbúa það fyrir komu Jesú)
2. Hvaða hlutverk hafði Jóhannes? (Hann var fyrirrennari Jesú. Undirbjó fólkið fyrir komu hans)
3. Hvað segja helgiritin að hafi gerst þegar Jesús reis upp úr vatninu eftir skírnina? (Jesú sá anda Guðs stíga niður af himni í líki dúfu og heyrði rödd segja: Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hefi velþóknun á. (Matt. 3:17)
4. Hvers vegna fór Jesús út í eyðimörkina? (Til að fasta og biðjast fyrir, til að undirbúa sig fyrir ætlunarverk sitt)
5. Hvers vegna varð fólkið í Nasaret svo reitt við Jesú að það hrakti hann út úr samkunduhúsinu og ætlaði að hrinda honum fram af fjalli í grennd borgarinnar? (Það trúði honum ekki þegar hann sagði að hann væri sá sem helgirit gyðinga gáfu fyrirheit um. Það hélt að hann væri falsspámaður)
6. Hvað voru lærisveinarnir sem Jesús valdi sem nánustu aðstoðarmenn sína margir? (Tólf)
7. Nefnið dæmi um kraftaverk Jesú. (Ritningin segir að hann hafi breytt vatni í vín, stillt storm, gengið á vatni og mettað þúsundir manna með tveim fiskum og fáeinum brauðum)

Aðalatriði 4. kafla

Kaflinn fjallar um boðskap Jesú. Kenningar hans um kærleikann og fyrirgefninguna gefa tilefni til umræðna um mikilvægar siðferðisspurningar. Vangaveltur og umræður um siðaboðskap Jesú getur haft mannbætandi áhrif á hegðun nemenda í garð hvers annars, með því t.d. að brýna fyrir þeim að fyrirgefa í stað þess að hefna sín, að láta sér annt um aðra og gera ekki mikið úr göllum þeirra.

- Guðshugmyndin
- Dæmisagan um týnda soninn
- Koma Guðsríkisins
- Dæmisagan um mustarðskornið
- Fjallræðan
- Blessunarorðin
- Um veraldleg og andleg gæði
- Um það að líta í eigin barm í stað þess að gagnrýna aðra
- Faðir vor
- Kærleikur í verki
- Gullna reglan
- Dæmisagan um miskunnsama Samverjann

Ítarefni

Stuttmyndin Katla gamla sem Námsgagnastofnun gefur út á DVD fjallar öðrum þræði um fyrirgefninguna. Kjörið er að sýna hana í tengslum við yfirferð þessa kafla.

Til umhugsunar

Dæmisögur Jesú

- Dæmisagan um týnda soninn fjallar ekki bara um kærleiksríkan föður og syni hans.
- Hún hefur dýpri merkingu. Um hvað fjallar hún í raun og veru? (Ást Guðs á mannkyninu og að Guð er kærleiksríkur og miskunnsamur)
- Hvað merkir dæmisagan sem Jesús sagði um mustarðskornið? (Guðsríkið kemur ekki þannig að á því beri. Það er örsmátt í byrjun en vex þar til það er orðið stórt og öflugt)
- Hver er boðskapur sögunnar um miskunnsama Samverjann? (Að við eigum að vera góð og hjálpsöm við þá sem eiga bágt, ekki bara tala um það)

Fjallræðan

- Í fjallræðunni sagði Jesús: *Sælir eru friðflytjendur því að þeir munu guðs börn kallaðir verða.* Hvað ætli hann hafi átt við með þessum orðum? (Að þeir sem stuðla að friði eru mikils metnir í augum Guðs)
- Hvað átti Jesús við með þessum orðum: *Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir og þjófar brjótast inn og stela. Safnið yður heldur fjársjóðum á himni, þar sem hvorki eyðir mölur né ryð og þar sem þjófar brjótast ekki inn og stela. Því að þar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera.* (Að veraldleg auðævi eru ekki varanleg en það eru andleg verðmæti hins vegar)
- Hvað kenndi Jesús fólkinu með þessari samlíkingu: *Hví sérð þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu? Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga flísina úr auga þér? Og þó er bjálki í auga sjálfs þín. Hræsnari, drag fyrst bjálkann úr auga þér, og þá sérðu glöggt til að draga flísina úr auga bróður þíns.* (Matt. 7:1–5) (Að maður eigi ekki að gagnrýna aðra ef maður er ekkert betri sjálfur)
- Hvað á Jesús við með þessum orðum: *Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.* (Matt. 7:12) (Komdu fram við aðra eins og þú vilt að sé komið fram við þig)

Fyrirgefning

- Fyrirgefning skiptir miklu máli í kenningum Jesú. Hann talaði jafnvel um að fylgjendur hans ættu að fyrirgefa og koma vel fram við þá sem ofsæktu þá.
- *Hvað merkja þessi orð úr bæninni Faðir vor: Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum, vorum skuldunautum. (Góði Guð, viltu fyrirgefa okkur eins og við fyrirgefum þeim sem hafa gert á okkar hlut)*
- Hvað er fyrirgefning?
- Hvenær er auðvelt að fyrirgefa? Hvenær er það erfitt?
- Hvað ættir þú að gera ef einhver stríðir þér úti á leikvelli? Hefna þín eða fyrirgefa viðkomandi?
- Þýðir fyrirgefning að við eigum bara að leyfa öðrum að fara illa með okkur?
- Á sumt fólk ekki skilið að því sé fyrirgefið? Hvers vegna?
- Hefur þér einhvern tíma verið fyrirgefið eitthvað?
- Hvernig leið þér eftir að hafa verið fyrirgefið?
- Hefur eitthvað komið fyrir þig sem þú vilt fyrirgefa? (Ekki fara út í smáatriði, þ.e.a.s. nemendur ættu ekki að játa syndir sínar fyrir framan aðra, hverjar sem þær eru)

Verkefni

Nemendur búa til myndasögur eftir dæmisögum Jesú. Sýnishorn af slíkri vinnu er hægt að sjá á vefnum www.kennslaogtru.is. Slóðin innan vefsins er: Kristindómur – Annað – Myndasögur.

Einnig er tilvalið að nota dæmisögurnar til leikrænnar tjáningar. Sögurnar um týnda soninn og miskunnsama Samverjann henta vel í þessu skyni.

Skiptu nemendum í hópa og fáðu hverjum hópi það verkefni að kynna sér eina af þeim kristnu mannúðarhreyfingum sem starfræktar eru hérlendis. Hópurinn tekur viðtal við fulltrúa samtakanna, tekur ljósmyndir og skrifar heimildaritgerð um sitt viðfangsefni. Að lokum kynnir hópurinn niðurstöðurnar. Dæmi: Hjálparstarf kirkjunnar, Samhjálp, Hjálpræðisherinn og Kristniboðssamband Íslands. Vísdomsorð Jesú. Sjá verkefnið á næstu síðum.

Vísdomsorð Jesú

Jesús hélt margar ræður á ferðum sínum. Hann talaði mikið um kærleikann, iðrun, fyrirgefningu og það að þjóna Guði. Sumar setningarnar sem hafðar voru eftir honum hafa orðið þekktar um allan heim. Þar sem áheyrendur hans voru yfirleitt gyðingar vitnaði hann oft til helgiritra þeirra, t.d. með orðunum *Þér hafið heyrt að sagt var...*

Hann notaði mikið líkingar úr daglegu lífi til að útskýra andleg sannindi. Sumir skildu ekki hvað hann átti við því þeir tóku orð hans of bókstaflega.

Hér að neðan eru nokkur af vísdomsorðum Jesú. Skrifðu á línurnar neðan við hverja málsgrein hvað þú telur að þær þýði.

1. *Þér hafið heyrt, að sagt var: Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn. En ég segi yður: Rísið ekki gegn þeim, sem gerir yður mein. Nei, slái einhver þig á hægri kinn, þá bjóð honum einnig hina.* (Mattheus 5:38–39)

2. *Þér hafið heyrt, að sagt var: Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn. En ég segi yður: Elskið óvini yðar, og biðjið fyrir þeim, sem ofsækja yður ...* (Mattheus 5:43–44)

3. *Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og fyrirgjöra (tapa) sálu sinni?* (Mattheus 16:26)

4. *Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir.* (Mattheus 7:1)

5. *Sannlega segi ég yður: Nema þér snúið við og verðið eins og börn, komist þér aldrei í himnaríki.* (Mattheus 18:3)

6. *... leitið og þér munuð finna, knýjið á og fyrir yður mun upp lokið verða ...* (Mattheus 7:7)

7. *Hver sem vill vera fremstur, sé síðastur allra og þjónn allra.* (Markús 9:35)

5 DAUÐI JESÚ OG UPPRISA

Bls. 19–22

Upprifjun úr 4. kafla

1. Hvernig hljómar „gullna reglan“ í kristinni trú? (Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra)
2. Hvernig segir Jesús að maður eigi að koma fram við óvini sína? (Elska óvini sína og biðja fyrir þeim)
3. Nefnið eina af dæmisögum Jesú.
4. Um hvað fjallar sagan um týnda soninn í raun og veru? (Ást Guðs á mannkyninu og að hann er tilbúinn að fyrirgefa þeim sem iðrast gjörða sinna)
5. Hvað heitir bænin sem Jesús kenndi lærisveinum sínum? (Faðir vor, stundum kölluð bæn Drottins)
6. Hvað þýðir orðið amen? (Já, svo skal verða)

Aðalatriði 5. kafla

- Innreiðin í Jerúsalem
- Síðasta kvöldmáltíðin
- Handtaka Jesú í Getsemane-garðinum
- Jesús dæmdur til dauða
- Jesús pyntaður
- Krossfestingin
- Upprisan
- Uppstigningin

Til umhugsunar

Á undan síðustu kvöldmáltíðinni þvoði Jesús fætur lærisveina sinna. Hann vildi kenna þeim að þjóna hver öðrum. Í stað þess að láta þjóna sér áttu þeir að þjóna öðrum. Sá sem þjónar öðrum er mestur í augum Guðs, sagði Jesús.

- Hvað haldið þið að Jesús hafi átt við með að þjóna öðrum? (Að hjálpa öðrum, að annast aðra)
- Nefnið dæmi um hvernig hægt er að þjóna öðrum. (T.d. heimsækja aldraða og sjúka og sjá fyrir þörfum þeirra)
- Hafið þið þjónað öðrum?

- Þekkið þið einhverja sem þjóna öðrum?
- Hvernig getum við þjónað hvert öðru hér í bekknum?
- Hvernig getum við þjónað skólasystkinum okkar?
- Jesús sagði: *Sælla er að gefa en þiggja.* (Postulasagan 20:35) Hvað haldið þið að hann hafi átt við með þessu?
- Þekkið þið fólk sem gerir mikið fyrir aðra án þess að ætlast til nokkurs í staðinn? (Margs konar sjálfboðaliðar t.d. Hjálparsveit skáta, sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum, starfsfólk mæðrastyrksnefndar, björgunarsveitir víða um land, Rotary menn, Kiwanis menn, Lions menn, trúboðar sem annast sjúka og reka skóla fyrir fátækt fólk, þeir sem heimsækja gamalt og sjúkt fólk)
- Hafið þið gert eitthvað fyrir aðra án þess að ætlast til einhvers í staðinn?
- Hvernig leið ykkur?
- Hafið þið tekið þátt í átaki eða söfnunum til að hjálpa fólki sem hefur lent í einhverri ógæfu?
- Munduð þið vilja hjálpa einhverjum sérstaklega?

Verkefni

Merkir kristnir menn og konur

Líf Jesú hefur verið mörgum kristnum mönnum og konum mikill innblástur og leiðarljós í lífinu. Á næstu síðu er verkefni um merka kristna menn og konur. Verkefnið þarf að vinna í tölvuveri skólans og því er tilvalið að gera það í samstarfi við kennara í upplýsingamennt.

Nemendur nota listann hér fyrir aftan í heimildaöflun. Aðeins er bent á íslenskar heimasíður sem eru ekki of fræðilegar. Nöfnin á listanum taka mið af því að hægt sé að finna nægilega mikið efni á íslensku á vefnum sem hentar nemendum. Vefföngin sem upp eru gefin eru í sumum tilfellum of löng til þess að hægt sé að ætlast til að nemendur geti skrifað þau. Til að auðvelda vinnuna er gert ráð fyrir að listinn sé í möppu sem merkt er „Kristin mikilmenni“ í tölvunum í tölvuverinu. Hægt er að kenna nemendum að hægrismella á tenglana, taka afrit af þeim (copy) og setja þá inn (paste) á vefstikuna.

Á veraldarvefnum er að finna aðgengilegar upplýsingar um margvísleg efni en eins og kunnugt er fylgja því ýmsar hættur að ferðast um vefinn. Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir þessu og banna nemendum að flakka um vefinn óhindrað. Láta þá aðeins skoða þær síður sem hér er bent á. Innan hvernar heimasíðu getur þó verið að finna meiri fróðleik um efnið en það sem birtist á forsíðunni og það ættu nemendur auðvitað að fá að kynna sér.

Eftir að nemendur hafa lesið sér til um efnið á heimasíðunum skrifa þeir nokkrar setningar um persónuna sem þeir völdu sér og lesa ritgerðina upphátt fyrir bekkinn. Hvettu nemendur til að myndskreyta ritgerðina með klippimyndum úr tímaritum og blöðum eða teikna eigin myndir á stór spjöld sem síðan er hægt að nota til að myndskreyta upplsturinn. Nemendur gætu líka samið stutta leikþætti um efnið.

Ef efnið á heimasíðunum nægir ekki er hægt að benda nemendum á að hafa samband við skólasafnið til að fá meiri heimildir.

Kristin mikilmenni

Síða 1 af 4

Móðir Teresa

Martin Luther King

Þorlákur helgi

Guðbrandur Þorláksson

Hallgrímur Pétursson

Matthías Jochumsson

Friðrik Friðriksson

Jón Sveinsson (Nonni)

Hver hópur velur sér eitt af nöfnunum hér að ofan.

Síðan notið þið vefslóðirnar sem gefnar eru upp á listanum í möppunni „Kristin mikilmenni.“ Innan hvernar heimasíðu getur verið að finna undirsíður með meiri fróðleik um efnið en það sem birtist á forsíðunni og það ættuð þið auðvitað að kynna ykkur. Hins vegar megið þið ekki fara út fyrir þau vefsvæði sem bent er á. Ef þið verðið vör við eitthvað óæskilegt efni sem á ekki erindi til ykkar varðandi verkefnið, látið þá kennarann vita strax af því.

Notið leitarforritið Google.is

Hægri smellið á tenglana, afritið þá (copy) og setjið inn (paste) á leitarstikuna efst á síðu leitarforritsins.

Ekki er ætlast til að þið rekið nákvæmlega æviferil persónunnar. Aðeins að fara yfir ævi hennar í stuttu máli. Svarið eftirfarandi spurningum eins vel og þið getið í ritgerðinni. Notið 4–10 setningar til að svara hverri spurningu. Þið getið skipt liði til að svara þeim og einnig til að skoða heimasíðurnar.

1. Hvaða afrek vann þessi persóna?
2. Hvað gerði hún til að hjálpa öðru fólki?
3. Hvernig hafði hún áhrif á sögu mannkyns eða Íslands?
4. Að hvaða leyti getum við tekið hana okkur til fyrirmyndar?

Vefsíður á íslensku um kristin mikilmenni

Síða 2 af 4

Móðir Teresa

<http://lifsvernd.com/mariukirkja/teresa.html>

http://www.mbl.is/mm/myndasafn/svipmyndir/svipm_ald_ap_img.html?year=1999&month=12&day=14

<http://mariu.kirkju.net/predikanir3a.html> Falleg saga um mannúð

http://www.breidholtsskoli.is/fjolmenning/1/albania/albania_adalsida.htm (neðarlega á síðu)

Martin Luther King

http://is.wikipedia.org/wiki/Martin_Luther_King

<http://www.google.is/search?q=%22Martin+Luther+King%22&sourceid=mozilla-search&start=0&start=0&ie=utf-8&oe=utf-8&client=firefox-a&rls=org.mozilla:en-US:official> Frábær vefur en krefst þess að tölvan geti lesið flash forritið.

<http://www.visindavefur.hi.is/svar.asp?id=2271>

Þorlákur helgi

http://is.wikipedia.org/wiki/%C3%9Eorl%C3%A1kur_helgi_%C3%9E%C3%B3rhallsson

<http://www.skalholt.is/?biskupar/torlator>

http://www.skolavefurinn.is/_opid/samfelagsgreinar/landafraedi/island/syslur/arnessysla/skalaholt/index.htm Færið bendilinn niður síðuna, þá finnið þið kafla um Þorlák.

<http://lifsvernd.com/mariukirkja/thorlukur.html>

Hallgrímur Pétursson

<http://servefir.ruv.is/passiusalmar/hhallgrim.htm> Vefur Ríkisútvarpsins.

http://is.wikipedia.org/wiki/Hallgr%C3%ADmur_P%C3%A9tursson

http://www.skolavefurinn.is/_opid/islenska/bokmenntir/hofundar/hallgrimur_petursson/index.htm

http://www.sandgerdi.is/Ferdathjonusta/THjodsogur/Hallgrimur_Petursson

(Hvalsnes)/ Skemmtileg saga af Hallgrími.

<http://www.snerpa.is/net/kvaedi/pass.htm> Passíusálmarnir

Matthías Jochumsson

<http://www.skaldhus.akureyri.is/mja.html>

http://www.skolavefurinn.is/lok/almennt/ljodskald_man/Matthias_Jochumsson/

http://is.wikipedia.org/wiki/Matth%C3%ADas_Jochumsson

<http://www.leikminjasafn.is/leiksaga/lmmatjoc.html>

<http://www.musik.is/Lof/ljod.html> Þjóðsöngurinn

Friðrik Friðriksson

http://is.wikipedia.org/wiki/Fri%C3%B0rik_Fri%C3%B0riksson_%28prestur%29

<http://www.lso.is/vefskra/1120.htm>

Styttan af séra Friðriki Friðrikssyni. Úr listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Mynd af styttunni. Héðan er hægt að komast á aðrar síður með fleiri myndir af séra Friðriki.

<http://www.kfum.is/nyr/template2.asp?id=89>

<http://www.fostbraedur.is/modules.php?op=mod-load&name=News&file=article&sid=15>

Guðbrandur Þorláksson

http://is.wikipedia.org/wiki/Gu%C3%B0brandur_%C3%9Eorl%C3%A1ksson

<http://www.holar.is/gudbrandsstofnun/frod.htm>

<http://www.forseti.is/Forsida/Bessastadir/Bessastadakirkja/Myndasafn/>

Jón Sveinsson (Nonni)

http://is.wikipedia.org/wiki/J%C3%B3n_Sveinsson

<http://saga.khi.is/valkostir/nonni/nonni1.htm>

<http://nonni.is/?m=page&f=viewPage&id=2>

6 ÚTBREIÐSLA TRÚARINNAR

Bls. 23–24

Upprifjun úr 5. kafli

1. Hvernig tók fólkið í Jerúsalem á móti Jesú þegar hann reið inn í borgina á asna? (Honum var fagnað. Fólkið veifaði pálmagreinum líkt og um konung væri að ræða)
2. Hverjir voru aðal andstæðingar Jesú? (Farísear sem voru strangtrúaðir gyðingar)
3. Hvers vegna voru farísearnir á móti Jesú? (Þeir öfunduðu hann vegna þess að hann var svo vinsæll meðal fólksins og þeir óttuðust að fólkið vildi frekar hlusta á hann en þá. Þeim sveið undan því þegar hann kallaði þá hræsnara og öðrum ljótum nöfnum. Þeir litu á hann sem falsspámann sem leiddi þjóðina afvega)
4. Hvað gerði Jesús fyrir síðustu kvöldmáltíðina? (Hann þvoði fætur lærisveina sinna)
5. Hvers vegna gerði hann það? (Til að kenna þeim að þjóna hver öðrum)
6. Hvað gerði Jesús meðan á máltíðinni stóð sem hefur verið gert í minningu hans æ síðan? (Hann rétti þeim brauð til að borða það og sagði: *Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn, gjörið þetta í mína minningu.* Og þegar hann rétti þeim vínbikarinn sagði hann: *Þessi bikar er hinn nýji sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthellt*)
7. Hvar var Jesús handtekinn? (Í Getsemane-garðinum, við rætur Olúfjallsins)
8. Hver sveik Jesús í hendur gyðingaprestanna? (Júdas Ískariót, einn af lærisveinum hans)
9. Hvaða dóm hlaut Jesús? (Hann var dæmdur til hýðingar og til að deyja á krossi)
10. Hvað var hæðin þar sem talið er að Jesús hafi verið krossfestur kölluð á hebresku? (Golgata)
11. Hvað þýðir orðið Golgata? (Hausaskeljastaður)
12. Hvað segja guðspjöllin að hafi gerst meðan Jesús hékk á krossinum? (Myrkur varð um allt landið í nokkrar klukkustundir)
13. Hvað segja frásagnirnar að hafi gerst þegar hann gaf upp andann? (Jörðin skalf)
14. Hvað trúna kristnir menn að Jesús hafi gert með dauða sínum á krossinum? (Að hann hafi tekið á sig syndir allra manna og dáíð fyrir mannkynið)
15. Hvað eiga kristnir menn við með upprisu Krists? (Að Jesús hafi vaknað aftur til lífs og birst lærisveinum sínum nokkrum sinnum áður en hann fór til himna)

Aðalatriði 6. kafla

- Heilagur andi kemur yfir lærisveinana á hvítasunnu
- Stofnun kirkjunnar
- Páll
- Kristnir píslavottar
- Kristni verður ríkistrú Rómaveldis
- Kirkjan klofnar í rómversk-kaþólska kirkju og rétttrúnaðarkirkju
- Mótmælendur kljúfa sig frá rómversk-kaþólsku kirkjunni
- Hver var Jesús?
- Kristin trú í dag

Til umhugsunar

Fyrstu vikurnar eftir krossfestinguna voru lærisveinarnir í felum því þeir óttuðust að þeirra biðu sömu örlög og meistara þeirra. Á hvítasunnu, sem er uppskeruhátíð meðal gyðinga, voru þeir staddir saman í húsi í Jerúsalem. Í Postulasögunni er sagt að þá hafi heilagur andi komið yfir þá. Við það hvarf þeim allur ótti og þeir einsettu sér að breiða út boðskap Jesú Krists, líkt og hann hafði sagt þeim að gera: Farið því og gjörið allar þjóðir að lærisveinum. (Matt. 28.18–20.) Það má því segja að kristin kirkja hafið verið stofnuð á hvítasunnunni.

Lærisveinarnir voru ekki lengur hræddir og óttaslegnir. Þeir breiddu út trúna og þrátt fyrir að margir þeirra væru fangelsaðir og pyntaðir létu þeir ekkert stöðva sig. Þeir sýndu mikið hugrekki. Þeir voru jafnvel reiðubúnir að fórna lífi sínu fyrir málstaðinn.

- Hvað þýðir að vera hugrakkur?
- Hvenær þurfum við á hugrekki að halda?
- Haldið þið að þeir sem eru hugrakkir séu aldrei hræddir?

Lærisveinarnir fórnðu miklu fyrir trúna á Jesú Krist. Hafið þið einhvern tíma fórnað einhverju sem var ykkur mikils virði til að hjálpa öðrum?

Þekkið þið einhvern sem hefur gert það? (T.d. móðir Teresa. Hún fórnaði eigum sínum til að þjóna fátæku fólki á Indlandi)

Verkefni

Fáðu kristniboða sem farið hafa til fjarlæggra heimshluta í heimsókn til að segja frá starfinu og sýna myndir. Hvettu nemendur til að spyrja gestinn spurninga um trúboðið og landið sem hann fór til.

7 KRISTNI Á ÍSLANDI

Bls. 25–26

Upprifjun úr 6. kafla

1. Hvenær er talið að kristin kirkja hafi orðið til? (Á hvítasunnudag)
2. Hvað er sagt að hafi komið fyrir lærisveinana á hvítasunnudag? (Heilagur andi kom yfir þá)
3. Hver var leiðtogi lærisveinanna? (Pétur)
4. Hvað hét mesti trúboði kristinnar trúar á fyrstu dögum hennar? (Páll)
5. Hvað hét rómverski keisarinn sem stöðvaði ofsóknir á hendur kristnum mönnum? (Konstantínus)
6. Hver gerði tilkall til að vera leiðtogi allra kristinna manna (Biskupinn í Róm, páfinn)
7. Af hverju klofnaði kirkjan árið 1054 e. Kr? (Sumir kristnir menn vildu ekki viðurkenna biskupinn í Róm sem æðsta yfirmann kirkjunnar)
8. Hvaða klofningur átti sér stað árið 1517? (Marteinn Lúther hóf baráttu gegn sölu kaþólsku kirkjunnar á aflátsbréfum. Í kjölfarið klufu mótmælendur sig frá henni)
9. Hvað heita fjölmennustu trúarbrögð mannkyns? (Kristin trú)
10. Hvaða önnur trúarbrögð viðurkenna Krist sem sendiboða frá Guði? (Islam og bahá'ítrú)

Aðalatriði 7. kafla

- Írskir munkar, papar
- Kristin trú lögtekin á Alþingi árið 1000
- Biskupsstólarnir
- Klaustur
- Siðaskiptin
- Þýðing Biblíunnar á íslensku
- Séra Hallgrímur Pétursson
- Séra Matthías Jochumsson
- Þjóðkirkjan
- Aðrar kristnar kirkjur og söfnuðir

Til umhugsunar

Kristni var lögtekin á Íslandi árið 1000. Fylkingar kristinna og heiðinna manna stóðu hvor andspænis annarri á Þingvöllum. Mikil hætta var á að átök brytust út því heiðnir menn voru ósáttir við útbreiðslu kristinnar og vildu að ásatrúin yrði áfram við lýði í landinu. Til að koma í veg fyrir stríð lögðu kristnir menn til að Þorgeir Ljósvetningagoði, foringi heiðinna manna, mundi skera úr málum. Þorgeir lagðist undir feld og hugsaði málið í góðu næði. Að lokum kvað hann upp þann úrskurð að allir Íslendingar ættu að taka kristna trú en heiðnir menn fengju að blóta goð sín í leyni. Að blóta í þessu samhengi þýðir að tilbiðja. Á þennan hátt tókst Þorgeiri að afstýra borgarastyrjöld.

Víða í heiminum eru enn háð stríð en þeir eru margir sem vinna að því að koma á friði. Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar í lok seinni heimstyrjaldar til að varðveita friðinn og koma í veg fyrir frekari styrjaldir. Stofnuninni hefur orðið mikið ágengt á ýmsum sviðum en hefur samt ekki tekist að stöðva styrjaldaráttök.

Í skólanum geta einnig komið upp átök, t.d. milli bekkja eða einstakra nemenda. T.d. geta orðið átök í frímínútum milli bekkja um hver eigi að fá að nota fótboltavöllinn.

- Hvernig er hægt að stilla til friðar þegar árekstrar verða í skólanum? (Setja reglur sem allir verða að fara eftir, t.d. um hverjir megi nota völlinn í hvert sinn)
- Hvernig getum við tryggt friðsamleg samskipti í skólastofunni (Setja bekkjarreglur)
- Hvaða bekkjarreglur finnst ykkur að ættu að gilda í okkar bekk?
- Eru allir sammála um að fara eftir þessum reglum?

Verkefni

Þjóðið fulltrúum ýmissa kristinna safnaða á Íslandi í heimsókn til að segja frá trú sinni og starfi safnaðanna. Nemendur undirbúa spurningar fyrir gestina.

Vettvangsferð: Heimsókn í Þjóðminjasafnið til að skoða ýmislegt um sögu kristinnar á Íslandi. Nemendur skrifa skýrslur um heimsóknina.

Heimsækja Hóla í Hjaltadal, Skálholt og Þingvelli. Skoða Almannagjá og Lögberg. Nemendur teikna íslenska fánann. Finna aðra fána þar sem krossinn kemur við sögu.

8 KIRKJUSTARFIÐ

Bls. 27–33

Upprifjun úr 7. kafla

1. Hvaða menn eru taldir hafa búið á Íslandi áður en víkingarnir komu hingað? (Kristnir munkar frá Írlandi)
2. Hverrar trúar voru flestir þrælarnir sem víkingarnir fluttu með sér? (Þeir voru kristinnar trúar)
3. Hvaða ár var kristin trú lögtekin á Íslandi? (árið 1000)
4. Hvar átti sá atburður sér stað? (Á Alþingi Íslendinga á Þingvöllum)
5. Hvar voru biskupsstólarnir á Íslandi staðsettir? (Í Skálholti og að Hólum í Hjaltadal)
6. Hvaða umskipti urðu í trúarlífi landsmanna árið 1550? (Tekinn var upp lútherskur siður)
7. Við hvern er lútherstrú kennd? (Þýska munkinn Martein Lúther)
8. Hvaða helgirit þýddi Oddur Gottskálksson? (Nýja testamentið)
9. Hver gaf fyrstur manna út alla Biblíuna á íslensku? (Guðbrandur Þorláksson biskup á Hólum í Hjaltadal)
10. Hvað heita sálmarnir sem Hallgrímur Pétursson orti um þjáningu Krists? (Passúsálmarnir)
11. Hvaða prestur orti kvæðið við íslenska þjóðsönginn? (Séra Matthías Jochumsson)
12. Hvaða kirkju tilheyra langflestir Íslendingar? (Þjóðkirkjunni sem er evangelísk-lúthersk kirkja)
13. Hvað nefnist æðsti embættismaður þjóðkirkjunnar? (Biskup)
14. Hvar hefur hann aðsetur? (Í Reykjavík)
15. Nefnið tvær aðrar kirkjudeildir sem starfa á Íslandi. (T.d. kaþólska kirkjan og rétttrúnaðarkirkjan)
16. Nefnið nokkra kristna söfnuði á Íslandi sem starfa utan þjóðkirkjunnar. (Fríkirkjan, Hvítasunnusöfnuðurinn, Krossinn, Vegurinn, Hjálpræðisherinn, Aðventistar, Vottar Jehóva og Kirkja hinna síðari daga heilögu, betur þekktir sem mormónar)

Aðalatriði 8. kafla

- Kirkjubyggingar
- Guðspjónustur
- Starf prestsins
- Altarið
- Predikun
- Postullega trúarjátningin
- Altarisganga
- Skírn
- Ferming
- Hjónavígsla
- Útför
- Önnur starfsemi í kirkjunni

Til umhugsunar

- Hafið þið komið í kristna kirkju? Hvernig leið ykkur þar? Er sá staður helgur í ykkar huga?
- Eigið þið ykkur stað sem ykkur þykir mjög vænt um sem er næstum því helgur í ykkar huga? Hvernig leið ykkur þar?
- Hvað eiga kirkjur, musteri eða moskur sameiginlegt? (Þar er beðið til Guðs og talað um Guð) Hvað er ólíkt?

Verkefni

Vettvangsferð: Fara með bekkinn í kirkju til að skoða hana að utan og innan. Ræða við prestinn og annað starfsfólk kirkjunnar. Kynnast starfseminni sem fer fram í kirkjunni.

Kristin tákn. Skoða kristin tákn í kirkjunni og á prestklæðum. Teikna þau á blöð. Á vefnum www.kennslaogtru.is eru myndir af tveimur verkefnum um kristin tákn eftir nemendur á miðstigi. Slóðin innan vefsins er: Kristindómur – Annað – Tákn1 og Tákn.

Kirkjur, biskupssetur og helgistaðir

Efni:

- Stór pappaspjöld
- Skæri
- Litir
- Pennar
- Lím

Skiptu bekknum í tvennt. Annar hópurinn safnar myndum af íslenskum kirkjum í bókum eða á Netinu. Börnin klippa myndirnar út eða teikna eftir myndunum. Þau líma myndirnar á stórt spjald og skrifa skýringartexta við myndirnar.

Hinn hópurinn fjallar um kristna helgistaði og biskupssetur á Íslandi. Hann fer eins að, límir myndirnar á spjald og skrifar skýringartexta við.

Í lokin segja hóparnir frá sínum verkefnum.

9 KRISTNIR HELGIDAGAR

Bls. 34–37

Upprifjun úr 8. kafla

1. Á hvaða vikudegi eru guðsþjónustur haldnar í kristnum kirkjum? (Sunnudögum)
2. Hvers vegna eru þær haldnar á sunnudögum? (Kristnir menn trúa því að Jesús hafi risið upp frá dauðum á þeim vikudegi)
3. Hvað heitir leiðtogi kristinna safnaða? (Prestur)
4. Í hverju felst starf hans? (Hann á meðal annars að boða kristna trú, fræða safnaðarmeðlimina um trúna, kristilegt lífverni og sjá um allar helstu helgiathafnir)
5. Hvað heitir sá hluti kirkjunnar þar sem kirkjugestirnir sitja? (Kirkjuskipið)
6. Hvað heitir helgasti staður kirkjunnar? (Altari)
7. Hvaða gripir eru á altarinu? (Á altarinu hvílir Biblía og sitt hvoru megin við hana eru höfð kerti sem kveikt er á. Lítil kross prýðir stundum altarið og ekki er óalgengt að það sé skreytt með blómum)
8. Á hvað á altarið að minna? (Altarið minnir á borðið sem Jesús og lærisveinar hans sátu við þegar þeir borðuðu síðustu kvöldmáltíðina)
9. Hvað er oftast fyrir ofan altarið? (Kross eða altaristafla með máluðum myndum af Jesú eða kristnum trúartáknum)
10. Hvað heitir aðstoðarmaður prestsins? (Meðhjálpari)
11. Til hvers er predikunarstóllinn notaður? (Þar flytur presturinn predikun sem þýðir að hann útskýrir Biblíuna og hvetur söfnuðinn til að lifa í samræmi við orð hennar)
12. Hvaða bæn er farið með í öllum guðsþjónustum? (Faðir vor)
13. Hvað heitir trúarjátningin sem kristnir fara með við guðsþjónustur? (Postullega trúarjátningin)
14. Hvað er gert við altarisgöngu? (Við altarisgöngur fer söfnuðurinn upp að altarinu til að drekka af bikar og borða oblátur, til minningar um síðustu kvöldmáltíðina)
15. Hvað er gert þegar einhver gengur í kristinn söfnuð? (Hann er skírður með vatni og beðið fyrir honum)

16. Hvenær eru börn foreldra sem eru í þjóðkirkjunni eða kaþólsku kirkjunni skírð?
(Þegar þau eru pínulítill, um leið og þeim er gefið nafn)
17. Hvers vegna telja sumar kristnar kirkjur réttara að skírni eigi sér ekki stað fyrir en einstaklingurinn er orðinn fullorðinn? (Þá er hann fær um að taka meðvitaða ákvörðun um hvort hann vilji tilheyra kristnu samfélagi)
18. Hvað er ferming? (Staðfesting á skírinni)
19. Hvað þýðir orðið ferming? (Staðfesting)
20. Hvers vegna er hjónavígsla helgiathöfn? (Brúðhjónin krjúpa fyrir framan altarið og presturinn biður Guð um að blessa hjónabandið)
21. Hvað heitir guðsþjónustan sem haldin er þegar kristinn maður eða kona deyr?
(Útför)
22. Hvaða önnur starfsemi fer fram í kirkjunni? (Þar má nefna barna- og unglingsstarf, starfsemi fyrir aldraða, fræðslufundi og kyrrðarstundir, auk margs konar menningarstarfsemi, svo sem tónleikahalds)

Aðalatriði 9. kafla

- Langafasta
- Pálmasunnudagur
- Skírdagur
- Föstudagurinn langi
- Páskar
- Páskasiðir
- Uppstigningardagur
- Hvítasunna
- Jólin
- Íslenskir jólasíðir

Viðbótarupplýsingar

Uppruni jólanna (ágætt kort af Palestínu á dögum Jesú) og Saga jólasveinsins.
Sjá www.kennslaogtru.is undir Kristin trú – kennsluhugmyndir – jól.

http://www.akmus.is/laufashopurinn/islensk_jolatre.htm

Vefsíða um íslensk jólatré frá ýmsum tímum.

Til umhugsunar

Jesús fæddist í fjárhúsi og var fátækur alla sína ævi. Hann kenndi fólki að það ætti að varast að ágirnast peninga. Það ætti að tilbiðja Guð en ekki Mammon, guð peninganna. Það ætti ekki að hafa of miklar áhyggjur af afkomu sinni. Heldur ætti það að treysta Guði, því hann væri eins og góður faðir sem alltaf mundi sjá fyrir þörfum barna sinna. Hann sagði líka að maður ætti að vera örlátur og hjálpa þeim sem eiga minna en maður sjálfur.

- Hvers vegna vill fólk eiga mikið af peningum?
- Af hverju haldið þið að Jesú hafi varað fólk við að ágirnast peninga?
- Eiga orð hans við í dag?
- Hvað getur gerst ef maður á mikið af peningum? (Maður verður of gráðugur í þá. Hugsar bara um að græða meiri peninga en ekki um aðra)
- Er slæmt að eiga mikið að peningum? (Ekki ef maður verður ekki háður þeim, gefur öðrum með sér, hjálpar fátækum)
- Hvernig er hægt að varast það að verða háður peningum eða eignum sínum?

Verkefni

Berið saman helgidaga og hátíðir kristinna manna og fólks af öðrum trúarbrögðum.

Verkefni um jólin. Á vefnum www.kennslaogtru.is er að finna nokkur ágæt föndurverkefni um jólahátíðina. Slóðin innan síðunnar er Kristin trú – kennsluhugmyndir – jól. Ég mæli sérstaklega með þessum:

- Bók með fróðleik um jólin
- Jóladagatal
- Sagan um jólin
- Babúska
- Jólasagan duftmyndaröð

10 Upprifjun

Í lokin er ágætt að rifja upp síðasta kafla bókarinnar og undirbúa nemendur fyrir próf í henni.

Upprifjun úr 9. kafla

1. Hvaða atburðar í sögu Jesús er verið að minnst á pálmasunnudag? (Þá er þess minnst þegar Jesús reið á asna inn í Jerúsalem og fólkið fagnaði honum)
2. Hvað gerðist á skírdag? (Jesús snæddi síðustu kvöldmáltíðina með lærisveinum sínum)
3. Hvaða dag er minnst krossfestingar Jesús Krists? (Á föstudaginn langa)
4. Upp á hvað halda kristnir menn á páskum? (Upprisu Jesús)
5. En á uppstigningardag? (Kristnir menn trú á því að þá hafi Jesús stígið upp til himna)
6. Hvað heitir helgidagurinn þegar heilagur andi kom yfir lærisveinana? (Hvítasunna)
7. Upp á hvaða atburð er verið að halda á jólunum? (Fæðingu Jesús Krists)
8. Klukkan hvað hefjast jólin að íslenskum sið? (Klukkan sex á aðfangadegi jóla, 24. desember)
9. Að hvaða leyti eru íslensku jólasveinarnir ólíkir þeim útlenda? (Þeir eru hrekkj-óttir en ekki hjálpsamir)

Endursýning myndarinnar um kristna trú

Sýndu þeim aftur myndina sem gerð var til stuðnings kennslubókinni um kristna trú.

Verkefni: Spurningaleikur

- Skiptu bekknum í tvö eða fleiri lið og láttu þau keppa í að svara sem flestum spurningum réttum úr efni bókar og myndar. Veldu nokkrar spurningar úr hverjum um kafla bókarinnar og úr leiðarvísi myndarinnar.

Skýrslur og niðurstöður úr hópvinnu

Nemendur kynna niðurstöður úr hópvinnu sinni (þeir sem eiga það eftir).

Heimavinna:

Lesið undir prófið.

Kristin trú – fagnaðarerindið.

PRÓF

Nafn: _____

Bekkur: _____

Settu kross fyrir framan rétta svarið:

1. Hvað heitir helgirit kristinna manna? ___ Kóraninn ___ Biblían ___ Avesta
2. Í hvaða borg fæddist Jesús? ___ Betlehem ___ Jerúsalem ___ Betaníu
3. Hvaða hlutverk hafði Jóhannes skírari?
___ Hann var prestur í musterinu í Jerúsalem
___ Hann var fyrirrennari Jesú
___ Hann var einn af tólf postulum Jesú
4. Hvar var Jesús handtekinn?
___ Í Getsemane-garðinum, við rætur Olíufjallsins
___ Í musteri gyðinga í Jerúsalem
___ Í sýnagógunni í Kapernaum
5. Hver sveik Jesú í hendur gyðingaprestanna?
___ Símon Pétur
___ Júdas Ískaríot
___ Jósef Sakaríasson
6. Hvað var hæðin þar sem talið er að Jesú hafi verið krossfestur kölluð á hebresku?
___ Golgata ___ Kúmran ___ Genesaret
7. Hvenær er talið að kristin kirkja hafi orðið til?
___ Á hvítasunnudag
___ Á pálmasunnudag
___ Á skírdag
8. Hver var leiðtogi lærisveinanna? ___ Jóhannes ___ Pétur ___ Jakob

9. Hvað hét mesti trúboði kristinnar trúar á fyrstu árum hennar?
___ Barrabas ___ Páll ___ Símeon
10. Hvað hét rómverski keisarinn sem stöðvaði ofsóknir á hendur kristnum mönnum?
___ Títus ___ Neró ___ Konstantínus
11. Hvaða klofningur hófst árið 1517?
___ Er mótmælendur klufu sig frá kaþólsku kirkjunni
___ Austrómverska kirkjan klauf sig frá kaþólsku kirkjunni
___ Enska biskupakirkjan var stofnuð
12. Hvað heita fjölmennustu trúarbrögð mannkyns?
___ kristin trú ___ hindúatrú ___ islam
13. Hvaða menn eru taldir hafa búið á Íslandi áður en víkingarnir komu hingað?
___ Grænendingar ___ Írskir munkar ___ Færeyingar
14. Hvaða ár var Kristin trú lögtekin á Alþingi?
___ árið 974 ___ árið 1000 ___ árið 1262
15. Hvað heitir helgasti staður kirkjunnar? ___ altari ___ kirkjuskip ___ kór ___
16. Hvað gerðist á skírdag?
___ Jesús snæddi síðustu kvöldmáltíðina með lærisveinum sínum
___ Jesús reið á asna inn í Jerúsalem
___ Jesús var skírður í ánni Jórdan
17. Upp á hvaða atburð halda kristnir menn á páskum?
___ Upprisu Jesú
___ Fæðingu Jesú
___ Uppstigningu Jesú til himna
- 18–19. Hver er boðskapur sögunnar um miskunnsama Samverjann og hvað getum við lært af henni?

20. Hvað á Jesú við með þessum orðum: *Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.*

Svör við prófi

1. Biblían
2. Betlehem
3. Hann var fyrirrennari Jesú
4. Í Getsemane-garðinum, við rætur Olúfjallsins
5. Júdas Ískaríot
6. Golgata
7. Á hvítasunnudag
8. Pétur
9. Páll
10. Konstantínus
11. Er mótmælendur klufu sig frá kaþólsku kirkjunni
12. Kristin trú
13. Munkar frá Írlandi
14. Árið 1000
15. Altari
16. Jesús snæddi síðustu kvöldmáltíðina með lærisveinum sínum
17. Upprisu Jesú
- 18–19. Mismunandi svör
20. Mismunandi svör

HEIMILDIR FYRIR NEMENDUR

Alfræði unga fólksins. 1994. Örn og Örlygur. Reykjavík.

Carter, Ron. *Þróun siðmenningar*. 1979. Örn og Örlygur. Reykjavík.

Hager, Bengt Ake. *Samferða um söguna: Mannkynssaga fyrir efri bekki grunnskóla*. 1993. Mál og menning. Reykjavík.

Heimssöguatlas Iðunnar. 1996. Iðunn. Reykjavík.

Helstu trúarbrögð heims. 1962. Almenna bókafélagið. Reykjavík.

Sundemo, Herbert. *Biblíuhandbókin þín*. 1974. Örn og Örlygur. Reykjavík.

Terje Emblem o.fl. *Heimsbyggðin. Saga mannkyns frá öndverðu til 1850*. 1995. Mál og menning. Reykjavík.

SÖGUR FYRIR NEMENDUR UM KRISTNA TRÚ

Anderson, Karin. *Barnabiblía*. 1997. Skálholtsútgáfan. Reykjavík.

Barnabiblían. 1994. Skálholtsútgáfan. Reykjavík.

Myndskreytta Biblía Fjölva. 1981. Fjölvi. Reykjavík.

Watt, Murray. *Myndskreytt biblía fyrir börn og fullorðna*. 2004. Skálholtsútgáfan.

Heimildir fyrir kennarann

Myndbönd

Kristin trú. Sigurður Ingi Ásgeirsson, Gagnvirkni. 2007. Námsgagnastofnun. 20 mínútur. Þessi mynd var gefin út samhliða kennslubókinni og fjallar um sömu efnisatriði. Hún ætti því að koma að góðum notum í kennslunni.

Bækur um kristna trú og trúarbragðafræði

Christie-Murray, David. *Sögur úr Biblíunni í myndum og máli.* 1980. Iðunn. Reykjavík. Stórar, fallegar og vandaðar myndir, bæði listaverk og ljósmyndir.

Fernández-Armesto, Felipe: *Hugmyndir sem breyttu heiminum.* 2004. Almenna bókafélagið. Reykjavík.

Gunnar J. Gunnarsson. *Maðurinn og trúin.* 1995. Námsgagnastofnun. Reykjavík. Þessi bók er notuð til kennslu um trúarbrögðin í efri bekkjum grunnskólans.

Magnusson, Magnus *Á söguslóðum Biblíunnar.* 1985. Örn og Örlygur. Reykjavík.

Rögnvaldur Finnbogason. *Hvað er þá maðurinn?* 2002. JPV útgáfa. Reykjavík.

Sundemo, Herbert: *Biblíuhandbókin þín.* 1974. Örn og Örlygur. Reykjavík. Þessi bók er nú ófáanleg hjá útgefanda en er víða til á söfnum. Hún er sérstaklega gagnleg, ekki síst vegna þeirra fjölmörgu skýringarmynda sem prýða hana.

Trúarbrögð heimsins í mynd og máli. 1999. Mál og menning. Reykjavík.

Þórhallur Heimisson. *Hin mörgu andlit trúarbragðanna.* 2005. Salka. Reykjavík.

Bækur um trúarbragðafræði og kristna trú á ensku

Ethics in the World Religions. 2000. Oxford. Oneworld. London.

Jerusalem and the Holy Land. 2000. Dorling Kindersley. London.

Molloy, Michael: *Experiencing the World's Religions.* Menntasmiðjan, KHÍ. Reykjavík.

O'Donnell, Kevin: *Inside World Religions.* 2006. Oxford. London.

The Illustrated Guide to World Religions. 2003. Oxford University Press. New York.

World Religions: The Illustrated Guide. 2003. Duncan Baird. London.

Netið

www.kennslaogtru.is Vefur félags kennara í kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði, skammstafað: FÉKKST. Hér er hægt að fá fréttir af því sem er á döfinni í trúarbragðafræðinni og ýmsar hagnýtar upplýsingar um helstu trúarbrögð mannkyns.

Á vefnum eru nokkur verkefni um trúarbrögðin og kennurum er boðið að senda inn efni. Jafnframt er vísað á heimasíður ýmissa trúarhópa á Íslandi.

Undir liðnum „Tenglar“, sem er ofarlega á forsíðu er hægt að lesa af Netinu það sem segir um kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði í aðalnámskrá gunnskóla eða prenta skrána.

Ef smellt er á tengilinn „Kristin trú“ á forsíðu og síðan á „fróðleikur“ opnast síða þar sem er að finna margs konar fróðleik um trúna sem getur komið kennurum að notum.

Mesti fengur fyrir kennarann er ef til vill fündurverkefni sem hægt er að nálgast undir liðnum „Kennisluhugmyndir.“ Mörg þessara verkefna henta til kennslu í trúarbragðafræði á miðstigi.

Á vefnum er einnig bent á bækur og ítarefni um kristna trú. Bent er á íslenskar og erlendar vefsíður um kristna trú sem eru flestar gagnlegar fyrir kennarann.

Undir liðnum „Annað“ er að finna myndir af verkefnum um kristna trú sem unnin hafa verið í grunnskólanum.

Þessi vefur er hvalreki fyrir íslenska kennara í trúarbragðafræði og of langt mál yrði að telja upp allt sem þarna er að finna. Í þessum kennsluleiðbeiningum er vísað á síður á vefnum á nokkrum stöðum, þar sem það á við.

Kennurum er einnig boðið að skrá sig í félagið og hlýt ég að taka undir það. Því meira sem kennarar vinna saman að vexti og viðgangi þessarar greinar, því betra.

http://www.visindavefur.hi.is/index.asp?url=svor/svar_4765.html Vísindavefur Háskóla Íslands. Fjallað um þann sið Íslendinga að setja ljósastjaka út í glugga um jólin en siðurinn á rætur að rekja til gyðingdóms.

<http://www.holylandnetwork.com/temple/model.htm> Líkan af Jerúsalem á dögum Heródesar konungs. Með því að smella á tölur á líkaninu er hægt að fá fram ljósmyndir af viðkomandi stað.

Netútgáfur af Biblíunni

Hægt er að leita að orðum í Biblíunni og prenta út kafla eða vers.

<http://www.snerpa.is/net/biblia/>

<http://www.hi.is/Uppl/Biblia/>

<http://www.biblian.is/>